



Fundargerð

Stjórnarfundur Þyts

Stjórnarfundur haldinn í húsnæðir Þyts þann 27. Febrúar 2024

Fundur hófst: 20:05

Fundi slitið: 22:05

Fundinn sátu: Markús Elvar Pétursson, Gabríel Arthúr Pétursson, Pura Z. Þórðardóttir, Freydís Björnsdóttir, Þórhallur Sigurðsson, Helga Veronica Foldar og Rán Pétursdóttir.

Funargerð ritaði: Rán

Dagskrá

1. Fundargerðir

- a. Fundargerðir frá 13. Febrúar samþykkt

2. SÍL þingið

- a. Pura og Þórhallur mættu á fyrsta SÍL þingið sitt og sögðu frá því á stjórnafundi að mjög áhugavert hafi verið að fá meiri innsýn inn í siglingaheiminn á Íslandi.
- b. Markús bauð sig aftur fram í stjórn SÍL og mun áfram sitja í stjórninni.

3. Starfsumhverfi stjórnar

- a. Óskað eftir tillögum stjórnarmeðlima um hentugt vinnuumhverfi stjórnar. Ritari á enn eftir að setja inn skjal til að fylgja eftir verkefnum stjórnar en samþykkt að Rán setji saman skjal á Drive þar sem verkefnum er úthlutað á stjórnarmeðlimi og deili því svo með stjórnarmeðlimum sem fylla inn stöðu mála sinna.

4. Íþróttastjórnin

- a. Íþróttastjóri er ábyrgur fyrir öllu barnastarfi (1.600.000) en innan þess hlutverks er einnig rekstur skrifstofu (1.300.000).
- b. Vinnuskólinn er byrjaður svo að bærinn var að ýta eftir því að við útnefnum íþróttastjóra. Markús býður sig fram sem íþróttastjóri hjá Þyt áfram.
- c. Stjórn samþykkir Markús sem íþróttastjóra.

5. Sumardagskráin

- a. Markús stakk upp á að vera með skráningarlista fyrir opnu húsin svo að félagsmenn geti skráð sig til að manna opnu húsin. Mikilvægt að það séu að minnsta kosti 3 semanna hvert opið hús. Panta derhúfur, boli eða eitthvað slíkt til að auðkenna þá sem eru sjálfboðaliðar og stjórna þannig á opnu húsunum. Gabríel tekur það verkefni að sér.
- b. Rætt um dagskrá sumarsins og sérstaklega um æfingadagskránna sem er ansi þétt þar sem æfingakrakkarnir eru einnig að kenna á sumarnámskeiðunum. Fá umsögn foreldra og iðkenda á fundi þjálfara með þeim um hvort að breyta eigi fyrirkomulaginu. Markús þjálfari boðar til fundar.

6. Kynningamál

- a. Freydís og Rán báðar búnar að óska eftir tilboðum til að fá sérfræðing til að halda utan um kynningarmálinn á samfélagsmiðlum. Annars vegar Webdew og hins vegar



Fundargerð

Stjórnarfundur Þyts

Mars media. Í báðum tilfellum komnar fram góðar hugmyndir en Mars media óskar eftir betri upplýsingum frá okkur til þess að hægt sé að gefa tilboð. Til að mynda þarf að ákveða budget ef nýta á kostaðar auglýsingar, vita hver okkar markhópur er og svo framvegis. Stjórn ræðir áfram og Freydís og Rán halda samskiptum við sérfræðingana sem þær höfðu samband við og kynna fyrir stjórn.

7. Starfsmenn

- a. Markús er með áframhaldandi samtal við þjálfaraparið frá Barcelona og það samtal gegnur vel. Stjórn þarf að kanna hvort hægt sé að semja við Hafnarfjarðarbæ um að greiða þeim laun í Maí líka fyrir 6. bekkja heimsóknir og æfingar hjá iðkendum.

8. Formaður Kænudeildar

- a. Stjórn samþykkir Tómas Viderö sem formann kænudeildar.
- b. Markús hefur þegar sett Tómas inn í málin sem ætlar að hefja vinnukvöld strax.

9. Kaup a Terhi390 bátum

- a. Samþykkt af sjórn að kaupa 2 x Terhi390 báta. Fáum 800.000 frá bænum upp í bátana sem við fengum samþykki frá Hafnarfjarðarbæ til að nýta í staðinn fyrir kaup á Laserum sem bærinn hafði áður samþykkt. Bátarnir tveir kosta 1.260.000,- Þytur leggur því til 460.000,-

10. Skil á gögnum

- a. Helga Verinoca sér um að skila gögnum til bankans og skattsins.
- b. Markús sér um að skila gögnum til ÍTH og ÍBH.

11. Önnur mál

- a. Markús leggur til að selja 4 Topper Topaz báta. Tvo til Keflavíkur og tvo til Austurlands. Stjórn heimilar að Markús bjóði þessum tveimur klúbbum bátana á 100.000,- stk.
- b. Aðstöðumál. Fundur aðstöðunefndarmanna með Lúðvík, arkitektinum frá stofunni sem vann samskeppnina, arkitektinum frá Batteríinu og Lilju skipulagsfulltrúa. Þar kom fram að Þytur ætti að vera áfram á núverandi staðsetningu.